



Reykjavík, 23. júní 2021

2020010002

3.8.0

Skrifstofa borgarstjórnar

Ráðhúsinu  
101 REYKJAVÍK

***Til minnis vegna rafíþróttta***

Vegna frekari upplýsinga við svar ÍTR frá janúar 2020 skal upplýst að á árinu 2019 var veittur styrkur til þriggja deilda íþróttafélaga vegna rafíþróttta:

KR	660.000.-
Ármanн	660.000.-
Fylkir	660.000.-

EKKI hafa verið veittir styrkir vegna rafíþróttta 2020 og 2021.

  
Ómar Einarsson.

fsk.  
Staða rafíþróttta

## Minnisblað

### Staða rafíþróttar

Frá því að Íþróttabandalag Reykjavíkur bauð þá nýstofnuðum Rafíþróttasamtökum Íslands að taka þátt á Reykjavíkurleikum hefur margt gerst. M.a. hafa samtökin stofnað deild þar sem að m.a. KR, Ármann og Fylkir tefla fram liðum. Rafíþróttasamtök Íslands hafa unnið að því að skilgreina heildstætt rafíþróttastarf og byggja rafíþróttanámskeið sín á traustum grunni. Það er einnig markmið skólans að koma í veg fyrir tvítekna vinnu innan þeirra félaga sem ætla að innleiða rafíþróttir með því að búa til traustan og sameiginlegan grunn sem öll félög geta byggt ofan á. Þrátt fyrir að rafíþróttir rémi að miklu leyti við áherslur íþróttanna þá þarf eftirlitið að vera strangt svo starfið þróist með hagsmuni barna og ungmenna að leiðarljósi. Viðmið kennsluhandbókar þurfa því bæði að taka til tæknilegrar kunnáttu rafíþróttafólks en kannski ekki síður heilsusamlegra þátta, enda nauðsynlegt að huga að þeim þáttum til að ná árangri í íþróttum.

#### Fjöldi og aldur iðkenda:

Fæðingarár	Ármann	KR	Fylkir
2004+	5	15	2
2005	14	6	5
2006	16	7	6
2007	12	7	10
2008	11	7	8
2009	5	2	4
2010	2	1	0
Samtals=	65	47	35

Það eru fleiri félög en Fylkir, KR og Ármann að velta því alvarlega fyrir sér að stofna rafíþróttadeildir. Ekkert þeirra hefur þó ákveðið neitt og vísa til þess að þau hafi ýmist ekki aðstöðu og/eða mannskap til að fara af stað. Þau félög eru Valur, Fram, Fjölnir, ÍR, Þróttur og Víkingur. Ármann er í dag komið lengst en þó í aðstöðu sem varla er sæmandi og nánast sprungin enda iðkendur 65 talsins. KR og Fylkir eru með lið í deildarkeppninni og byrjuðu ekki fyrr en í lok árs með barnastarf. Iðkendatölur í töflu hér til hliðar. Líkt og í öðru íþrottastarfi þá þurfa félögini að sýna fram á virkt barna- og ungingastarf svo hægt sé að réttlæta opinberan stuðning. Því væri bæði rökrétt og sanngjarni að greiða í takt við fjölda þeirra iðkenda sem greiða fullgild æfingagjöld. Gera kröfu um lágmarksæfingagjald fyrir 3-5 mánaða námskeið sem skráð er í Nóra líkt og tíðkast í öðrum íþróttagreinum. Ármann er að keyra þetta þannig með Rafíþróttaskólanum og það hefur verið að gefa góða raun. Að vissu leyti væri best að ÍBR héldi utan um fjárveitingu borgarinnar í þennan málaflokk og dreifði til félaganna í samræmi við stærð og gæði starfsins. Lagt er til að styrkja félögini um hærri upphæð fyrir t.d. fyrstu 20 iðkendur heldur en þá sem á eftir koma, enda kostnaðarsamt fyrir félögini að koma sér upp aðstöðu og búnaði.



Reykjavíkurborg  
Íþróttá- og tómstundasvið

Reykjavík, 14. janúar 2020  
2020010002

Borgarráð

Ráðhúsinu  
101 REYKJAVÍK

***Efni: Rafíþróttir - tilv. R19040029***

Á fundi borgarráðs 9. janúar 2020 var eftirfarandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokkssins lögð fram og henni vísað til umsagnar ÍTR:

Borgarstjórn samþykkti samhljóða tillögu Sjálfstæðisflokkssins um rafíþróttir en í greinargerðinni er gert ráð fyrir 10.000.000 kr. kostnaði við stofnun deildanna. Ekki gert ráð fyrir neinum framlögum til þeirra íþróttafélaga sem nú þegar hafa stofnað rafíþróttadeildir hjá sér. Gerðar eru verulegar athugasemdir við þetta fyrirkomulag. Hyggst borgin endurskoða úthlutun vegna þessara deilda?

Í fjárhagsramma ÍTR fyrir árið 2020 er ekki gert ráð fyrir sérstakri fjárveitingu að upphæð 10.0 mkr. til rafíþróttadeilda hjá íþróttafélögum í Reykjavík.

  
Ómar Einarsson



## **Helga Björnsdóttir**

---

**From:** Ívar Vincent Smárason  
**Sent:** þriðjudagur, 25. maí 2021 15:44  
**To:** Ómar Einarsson  
**Cc:** Helga Björnsdóttir  
**Subject:** Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisfloksins um framlög til íþróttafélaga sem hafa stofnað rafíþróttadeildir  
**Attachments:** 43a Fyrirspurn D um framlög til íþróttafélaga sem stofnað hafa rafíþróttadeildir.pdf; 43b Svar ÍTR rafíþróttir.pdf

Sæll

Hér með sendist ítrekun vegna svars við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisfloksins. Á undirbúningsfundi borgarráðs þann 27. janúar 2020 var eftirfarandi svar lagt fram, sjá hjálagt.

Á undirbúningsfundinum var óskað eftir að svarið yrði uppfært með örliðið meiri upplýsingum um bakgrunn málsins og hvaða fjármunum var ráðstafað 2019 í tengslum við fyrirspurnina. Er von á uppfærðu svari?

Kveðja,

Ívar Vincent Smárason  
Skrifstofa borgarstjórnar  
Ráðhús Reykjavíkur  
s. 411 4703  
[Ivar.Vincent.Smarason@reykjavik.is](mailto:Ivar.Vincent.Smarason@reykjavik.is)

---

Reglur um trúnað í tölvupótsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.